

29. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 16. – 17. október 2015 á Akureyri

Ályktun um stuðning við kjarabaráttu starfsfólks Rio Tinto Lögð fram á 29. þingi LÍV 16. - 17. október 2015

Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna lýsir fullum stuðningi við kjarabaráttu starfsfólks Rio Tinto í Straumsvík.

Starfsmenn fyrirtækisins heyja nú harða baráttu fyrir því að kjarasamningur milli aðila verði endurnýjaður en hann rann út fyrir tæpum tíu mánuðum. Fyrirtækið krefst þess að fá frekari heimildir til að auka verktakastarfsemi á vinnusvæði Ísal í Straumsvík á kostnað hefðbundinna launamanna. Þessi krafa er í samræmi við það sem Rio Tinto er að gera á alþjóðavísu og virðist markmiðið vera að svipta launamenn kjarasamningsbundnum réttindum. Slíkt er með öllu óásættanlegt og í andstöðu við grundvallarhugsjónir verkalýðshreyfingarinnar.

Þing LÍV skorar á Rio Tinto að ljúka gerð kjarasamnings sem allra fyrst, án þess að störf almennra starfsmanna verði sett í verktöku.